

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um meðafla í flotvörpu.

Ráðuneytið sendi fyrirspurnina til Fiskistofu og fylgir hér með svar stofnunarinnar.

1. *Hver er meðafla sem mælst hefur í afla kolmunna-, síldveiði- og loðnuskipa, greint eftir veiðitegundum uppsjávarafla og tegundum meðafla? Óskað er eftir að svör miðist við tímabilið frá síðustu áramótum svo langt sem gögn leyfa.*

Fiskistofa hóf vorið 2003 skipulegar mælingar á meðafla við flotvörpuveiðar uppsjávar- tegunda. Áherslan hefur fyrst og fremst beinst að mælingu meðafla við kolmunnaveiðar þar sem hætta á meðafla er metin mest, sbr. þó svar við 5. lið. Niðurstöður mælinga árið 2003 koma fram í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar, fjölrit nr. 103. Ekki eru tiltækar sambærilegar upplýsingar um mælingarnar í ár en stutt samantekt var gerð á fyrirliggjandi gögnum. Helstu niðurstöður samantektar um mældan og metinn meðafla við kolmunnaveiðar árið 2004 og samanburður við árið 2003 koma fram í eftirfarandi töflu:

Brottkast í kolmunnaveiðum íslenskra skipa 2003 og 2004 (bráðabirgðatölur).

	Hlutfall meðafla (%)	Meðalfj. fiska/sýni	Uppreiknað brottkast (tonn)
Ufsi 2003	0,32	0,64	1.605
Ufsi 2004*	0,56	1,1	2.094
Þorskur 2003	0,03	0,05	156
Þorskur 2004*	0,45	0,9	1.686

* Miðað við veiðarnar mars – október.

2. *Hvernig skiptist þessi meðafla á milli veiðisvæða og tímabila?*

Ekki eru tiltækar upplýsingar um skiptingu meðafla milli veiðisvæða og tímabila það sem af er árinu 2004. Sambærileg skýrsla um mælingar á meðafla við kolmunnaveiðar árið 2004 og fyrrnefnt fjölrit nr. 103 er væntanleg snemma á næsta ári.

3. *Hversu mikið af meðaflanum hefur verið reiknað til aflamarks hjá viðkomandi skipum?*

Eftirfarandi tafla sýnir óverulegan meðafla í síldar- og kolmunnavörpu sem reiknaðist til aflamarks síðustu fimm fiskveiðiár. Þessi heildarafla var að mestu leyti nýttur af einu vinnsluskipi. Enginn meðafla í loðnuvörpu var reiknaður til aflamarks á þessum tíma.

**Meðafli aflamarkstegunda í síldar- og kolmunnavörpu fiskveiðiárin
2000/2001 – 2004/2005, magn í kg upp úr sjó (óslægt).**

Kvótategund	2001	2002	2003	2004	2005	Samtals
Dorskur	18	0	680		9.918	15.306
Ýsa	504		385		2.958	5.081
Ufsi			810		669	7.623
Karfi		300	195	25.685		29.173
Keila			270			270
Steinbítur	6					25
Samtals	528	300	2.340	25.685	13.545	57.478

4. Hversu oft hefur komið til svæðalokana vegna meðafla uppsjávarveiðiskipa og þá hvar og hvær?

Svæðalokanir hafa verið þessar: Ein skyndilokun vegna meðafla í kolmunnatroll (nr. 34), út undir miðlínu milli Íslands og Færeyja, tók gildi 23. júlí og stóð í viku.

Í gildi er reglugerð nr. 576/2004, um togveiðar á kolmunna 2004, þar sem veiðisvæðið er skilgreint (frá Vestmannaeyjum austur með og síðan norður með Austurlandi, að mestu utan landgrunnskantsins).

Í gildi er reglugerð nr. 794/2004, um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka (svæði úti fyrir Suðausturlandi).

Í gildi er reglugerð nr. 830/2002, um síldveiðar í vörpu, með síðari breytingum, þar sem allar síldveiðar með vörpu eru bannaðar innan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu. Enn fremur eru allar síldveiðar með vörpu bannaðar á svæðum þar sem togveiðar með fiskibotnvörpu eru bannaðar með reglugerðum eða skyndilokunum eða þar sem áskilin er notkun smáfiskaskilju. Undanskilin eru þrjú svæði: fyrir Vestfjörðum, á svæði austnorðaustur af Héraðsflóa og austan við Hvalbak, en á þessum svæðum er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu á svokölluðum skiljusvæðum, þó einungis utan 12 sjómílna.

5. Hve oft hefur Fiskistofa gert sérstaka athugun á þessum meðafla?

Eins og rakið er í svari við 1. lið er í gangi sérstakt verkefni (annað árið í samstarfi við Hafrannsóknastofnunina) þar sem farið er í gegnum meðafla kolmunnaskipa með skipulögðum hætti, tekin sýni og þau tegundagreind, lengdarmæld og vegin.

Að auki hafa eftirlitsmenn farið í ellefu veiðiferðir í 75 daga með skipum sem veiða með kolmunnaflotvörpu (skyndilokun nr. 34 kom til í einni af þessum veiðiferðum) og í eina veiðiferð í sjö daga með skipi sem veiðir með síldarflotvörpu.

6. Hafa stjórnvöld gripið til annarra aðgerða til að reyna að draga úr meðaflanum?

Sjávarútvegsráðuneytið samþykkti tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um viðmiðunarmörk vegna meðafla af botnfiski við kolmunnaveiðar með flotvörpu (júlí 2004). Gerðar hafa verið tilraunir með skilju til að minnka meðaflan.